

— *Brjef landshöfðingja til biskups um ferðaleyfi handa presti.* — Með tilliti til hinna sjerstöku ástæðna, er þjer, herra biskup takið fram í þóknanlegu brjefi yðar frá 24. f. m., samþykkist hjer með, að presturinn að Glæsibæ, síra Árni Jóhannsson hafi 26. september síðastl. tekizt ferð á hendur til útlanda til þess að leita sjer lækninga. **193**  
1. des.

Í sambandi hjer með vil jeg mælast til þess, að þjer, herra biskup brýnið fyrir próföstum, að þegar svo standi á, að prestur þarf að leita sjer lækninga erlendis og ekki geti beðið eptir ferðaleyfi frá landshöfðingja, beri með skýrslu um bráðabirgðaráðstöfun þá, er prófastur hefir gjört, að senda yður áleiðis hingað vottorð læknis um sjúkdóm prestsins, hafi það verið mögulegt að útvega slíkt vottorð.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um uppbót á prestaköllum.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 6. þ. m. skal 200 kr. þeim, sem með brjefi mínu frá 19. maí þ. á. voru veittar Lundarbreykku prestakalli með því skilyrði, að brauðið yrði veitt fyrir 31. ágúst þ. á. og samsumars byrjað að þjóna því, en þessu skilyrði hefir eigi verið fullnægt, skipt sem hjer segir: **194**  
1. des.

Húsavíkur prestakalli í Þingeyjarsýslu . . . . . 100 kr.

Staðarprestakalli í Grindavík í Gullbringu- og Kjósarsýslu 100 —

Þetta er hjer með tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigðindum.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um danska lestrarbók.* — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 29. okt. þ. á. skal hjer með leyft, að 300 kr. styrk þann, sem með brjefi mínu frá 11. okt. f. á. var veittur Kristjáni bókbindara Þorgrimssyni af fje því, sem með 15. gr. fjárlaganna er ákveðið til vísindalegra og verklegra fyrirtækja til að gefa út danska lestrarbók með málmyndalýsing og orðasafni eptir adjunkt Steingrím Thorsteinson, megi útborga af fje því, sem veitt er í 15. gr. fjárlaganna fyrir árin 1880 og 1881, þó að því áskildu að bókin verði fullprentuð fyrir lok næstkomandi maímánaðar. **195**  
9. des.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um Íslands lýsingu.* — Að jeg samkvæmt brjefi stiptsyfirvaldanna frá í gær hafi veitt Halldóri yfirkennara Friðrikssyni styrk af fje því, sem getur um í 15. gr. fjárlaganna fyrir árin 1880 og 1881 til að gefa út stutta Íslands lýsingu, er hann hefir samið, 20 kr. fyrir hverja örk allt að 80 kr., er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda. Handrit það, er fylgdi brjefi yðar, endursendist hjer með. **196**  
9. des.

Ofannefndur styrkur mun verða útborgaður, þegar bókin er fullprentuð.

### Auglýsing.

Samkvæmt brjefum frá yfirstjórn póst- og telegrafmálanna auglýsist hjer með, að eptirnefndar enskar nýlendur hafi frá 1. júlí þ. á. gengið inn í allsherjarpóstsam- **197**  
15. des.